

Fréttapistill frá forseta Íslands

22. desember 2020

Kæru landsmenn. Í nýliðinni viku hurfu önnur tíðindi í skuggann af hamförunum á Seyðisfirði. Skriðan stóra, sem féll þar á þriðjudaginn var, olli stórtjóni á húsum og mikil verðmæti glötuðust, þeirra á meðal ómetanlegar sögulegar minjar. Mest er þó um vert að enginn lést í þessum hremmingum og er það kraftaverki líkast.

Nú bíður Seyðfirðinga að byggja á ný upp sinn fagra bæ. Í því verki munu þeir njóta aðstoðar og stuðnings stjórnvalda. Einnig bíður það heimamanna og sérfróðra að vegna og meta hvað betur hefði mátt fara og hvernig tryggja má aukið öryggi íbúa til frambúðar.

Í gær, mánudag, var stafrænn íbúafundur fyrir Seyðfirðinga þar sem þessi mál bar á góma. Í dag héldu forsætisráðherra og aðrir ráðherrar á vettvang auk fulltrúa Almannafræðinganna og Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Ég ítreka góðar kveðjur til Seyðfirðinga og þakkir til allra sem sinntu almannavörnum á neyðarstundu, lögreglu og slökkviliðs, björgunarsveitarfólks, landhelgisgæslunnar og annarra sem létu sitt ekki eftir liggja. Vænt þykir mér líka um þá samstöðu og það vinarþel sem Héraðsbúar og aðrir Austfirðingar sýndu. Það segir mikla sögu að enginn Seyðfirðingur þurfti að dvelja í fjöldahjálparstöð eftir áfallið, allir gátu fengið húsaskjól annars staðar. Þar að auki hafa ótal einstaklingar og fyrirtæki um land allt sýnt samhug í verki á ýmsa vegu. Landsmenn standa saman þegar á reynir.

Senn verður unnt að hefjast handa við hreinsunarstörf. Síðan hefst uppbygging. Seyðisfjörður er og verður falletur bær með mikla sögu og öflugt mannlíf, vinsæll áfangastaður landsmanna og erlendra ferðalanga. Gott verður að heimsækja Seyðfirðinga á ný við hentugleika, njóta gestrisni þeirra og ræða við unga sem aldna um framtíð staðarins.

Mánudaginn 14. desember tók ég þátt í afhendingu markaðsverðlauna ÍMARK, samtaka íslensks markaðsfólks. Verðlaunafhendingin fór fram í Hörpu í Reykjavík og henni var auk þess streymt. Verðlaunin eru veitt annað hvert ár og í þetta sinn komu þau í hlut NOVA.

Síðastliðinn miðvikudag flutti ég ávarp við útskrift nema hjá Hringsjá, náms- og starfsendurhæfingu fyrir fólk sem vill komast aftur út á vinnumarkaðinn eftir hlé vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla. Námið á haustönn hefur tekið mið af sóttvarnareglum og útskriftarhátíðin bar þess einnig merki. Árangur af starfi Hringsjár er ótvíræður. Fólki sem vinnur fyrir sér snarfjölgar eftir námið þar og þeim snarfækkar sem þurfa að reiða sig á örorku- eða endurhæfingarlífeyri.

Þennan sama dag flutti ég einnig ávarp við frumsýningu myndbands Samtaka iðnaðarins um mikilvægi nýsköpunar. Með þeim viðburði lauk formlega Ári nýsköpunar sem samtökin blésu til í ársbyrjun.

Síðastliðinn fimmtudag tók ég á móti tveimur ritum sem ég ritaði formála í, annars vegar riti um Strandir árið 1918 sem Dagrún Ósk Jónsdóttir ritstýrði og hins vegar sögu Umf. Stjörnunnar í Garðabæ. Steinar J. Lúðvíksson er höfundur þess rits. Ég óska þeim, sem að þessum ritum stóðu, til hamingju með vel unnin verk.

Næsta vikupistil af þessu tagi sendi ég á nýju ári. Ég óska öllum landsmönnum gleðilegra jóla, árs og friðar.